



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FYRIRLESTUR Í DANMÖRKU OG HANDKNATTLEIKUR Í SVÍPJÓÐ

Í dag, föstudaginn 10. janúar 2020, heldur forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, til Danmerkur og flytur fyrirlestur í Kaupmannahöfn á vegum Utanríkismálastofnunar Danmerkur, Det Udenrigspolitiske Selskab. Fyrirlestur forseta nefnist „*Back from the edge of nowhere. Iceland and the North Atlantic in the great game of geopolitics.*” Nánari upplýsingar má sjá hér: <https://udenrigs.dk/arrangementer/back-from-the-edge-of-nowhere-iceland-and-the-north-atlantic-in-the-great-game-of-geopolitics/>.

Laugardaginn 11. janúar heldur forseti til Málmeyjar í Svíþjóð og fylgist þar með leik Íslands og Danmerkur á Evrópumótinu í handknattleik karla.

10. janúar 2020

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).